



# **SJÁLFBÆRNIVERKEFNI Á AUSTURLANDI**

**ENDURMAT**

**Júní 2008**



Umsjón: Sigurborg Kr. Hannesdóttir

# EFNISYFIRLIT

<b>Samantekt</b> .....	<b>2</b>
<b>1. Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Framkvæmd</b> .....	<b>5</b>
2.1 Þátttakendur í samráðshópi .....	5
2.2 Fulltrúar fyrirtækjanna .....	5
<b>3. Spurningar lagðar fyrir báða hópa</b> .....	<b>6</b>
3.1 Var tekið mið af því sem þátttakendur höfðu fram að færa? .....	6
3.2 Var þátttakendum ljóst markmið, möguleikar á áhrifum og ferlið?.....	8
3.3 Var ferlið sveigjanlegt?.....	10
3.4 Fengu þátttakendur nægar upplýsingar? .....	12
3.5 Kom fram hvernig upplýsingar voru nýttar? .....	13
3.6 Endurspeglaði samráðshópurinn hagsmunaaðila? .....	14
3.7 Endurspeglar vísarnir tækifæri og áhyggjuefni samráðshópsins? .....	16
3.8 Hvernig stendur eftirfylgnin? .....	17
3.9 Hverju mun sjálfbærni verkefnið breyta? .....	19
<b>4. Spurningar lagðar eingöngu fyrir þátttakendur</b> .....	<b>21</b>
4.1 Voru fyrirtækin einlæg í ásetningi sínum? .....	21
4.2 Höfðu þátttakendur trú á að þeir gætu haft áhrif á vinnu samráðshópsins?.....	21
4.3 Almennar athugasemdir um verkefnið og vísana.....	22
<b>5. Spurningar lagðar eingöngu fyrir fulltrúa fyrirtækjanna</b> .....	<b>23</b>
5.1 Hversu mikla trú höfðu fyrirtækin? .....	23
5.2 Hversu gagnlegt var samráðið? .....	23
5.3 Falla vísarnir og markmiðin að áherslum fyrirtækjanna?.....	23
5.4 Skilaði verkefnið þeim árangri sem að var stefnt? .....	24
5.5 Var verkaskipting ráðgjafa skýrt skilgreind?.....	24
5.6 Var hlutverk verkefnisstjórnar skýrt skilgreint? .....	25
5.7 Hver hefur árangurinn verið miðað við tilgang verkefnis?.....	25
<b>6. Hvað ætti að gera öðruvísi næst?</b> .....	<b>26</b>
6.1 Svör þátttakenda í samráðshópi.....	26
6.2 Svör fulltrúa fyrirtækjanna .....	29
<b>7. Tengsl við önnur verkefni</b> .....	<b>30</b>
<b>8. Austurland á umbreytingatímum</b> .....	<b>30</b>
<b>9. Viðauki - spurningalistar</b> .....	<b>33</b>

## SAMANTEKT

Árið 2004 hófst vinna við svokallað „Sjálfbærni-verkefni á Austurlandi“ á vegum Alcoa og Landsvirkjunar. Markmið verkefnisins var að skilgreina helstu málefni á sviði umhverfis, efnahags og samfélags, sem ástæða væri til að vakta til lengri tíma litið. Verkefnið var unnið með samráðshópi þar sem þátt tóku fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila. Starfi samráðshópsins lauk síðari hluta árs 2005 og lágu þá fyrir vísar og mælikvarðar og drög að markmiðum og framkvæmdaáætlun. Á tímabilinu maí – júní 2008 hefur farið fram endurmat á verkefninu með því að lagðar voru spurningar annars vegar fyrir þátttakendur úr samráðshópnum og hins vegar fyrir þá fulltrúa Alcoa og Landsvirkjunar sem störfuðu með hópnum. Umsjón með endurmatinu var í höndum Sigurborgar Kr. Hannesdóttur hjá ILDI.

Í samráðshópnum störfuðu 34 fulltrúar og var sendur tölvupóstur til þeirra 33 sem fengust netföng hjá og svöruðu 22. Af átta fulltrúum fyrirtækjanna, svöruðu sex. Í eftirfarandi samantekt á niðurstöðum úr þessari ytri og innri greiningu er gert grein fyrir svörum beggja hópa. Tílefni greiningarinnar er m.a. það að nú stendur fyrir dyrum sambærilegt verkefni á Norðurlandi.

Þegar verkefnið hófst var það nýtt fyrir öllum og því tók tíma fyrir hópinn að finna takt og öðlast sameiginlegan skilning á markmiðum verkefnisins, hvernig ferlinu yrði háttáð og hversu mikil áhrif þátttakendur gætu haft. Ferlið var fremur sveigjanlegt að mati svarenda og almennt upplifðu þátttakendur að þeir gætu haft á það áhrif, þó e.t.v. hafi þar mátt gera eitthvað betur.

Í upphafi var ágreiningur um ýmis mál og í hópnum fór fram opin og hreinskiptin umræða. Um miðbik verkefnisins jókst skilningur og samhljómur og voru einhverjir sem þá söknuðu skarpra andstæðna – en vera má að þá hafi þátttakendur verið orðnir sammála um að vera ósammála og einbeitt sér að sameiginlegum áherslum. Fremur vel tókst að tryggja að tekið væri mið af því sem þátttakendur höfðu fram að færa og endurspeglar vísarnir því nokkuð vel þau tækifæri og áhyggjuefni sem samráðshópurinn greindi.

Þátttakendur í samráðshópnum endurspegluðu hagsmunaaðila nokkuð vel. Leita þarf eftir jafnvægi, milli sérfræðiþekkingar og almennra sjónarmiða, fulltrúa sem tengjast hagsmunum á heims- og landsvísu og svo nærumhverfi. Að sama skapi þarf að vera jafnvægi milli þeirra sem túlka sjónarmið umhverfis, efnahags og samfélags. Einnig er mikilvægt að þátttakendur sýni virkni og frumkvæði og að vinnan skili sér inn í þær einingar sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Fram kemur hjá svarendum úr samráðshópnum að fyrirtækin voru einlæg í þeim ásetningi sínum að fara þá leið að skilgreina vísana í samvinnu við hagsmunaaðila. Að sama skapi kemur það fram hjá fulltrúum fyrirtækjanna að þau höfðu trú á því að þessi leið myndi skila árangri og er niðurstaðan sú að svo hafi verið. Vísarnir og markmiðin falla vel að áherslum fyrirtækjanna og nefnt að þeim sé kannski ekki ætlað að falla að öllum áherslum þeirra. Gildi verkefnisins felist þó ekki aðeins í vísunum og mælikvörðunum, heldur ekki síður í ferlinu.

Verkaskipting ráðgjafa og hlutverk verkefnisstjórnar var nokkuð vel skilgreint að mati fulltrúa fyrirtækjanna. Svarendur úr samráðshópnum benda á að huga hefði mátt betur að tengingu verkefnisins við önnur verkefni, þ.e. samráðshóp Fjarðaáls Alcoa og hagsmunaaðila í Fjarðabyggð og „Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunar á Austurlandi“.

Það er trú svarenda bæði þátttakenda úr samráðshópnum og fulltrúa fyrirtækjanna að til lengri tíma litið muni það breyta einhverju varðandi áhrif framkvæmdanna á Austurlandi, að þetta Sjálfbærni- og vaxningaráttakendur var unnið. Grunnurinn sé til staðar með vísunum og markmiðunum. Lykilatriði sé að tryggja góða eftirfylgni, með skýrt skilgreindri ábyrgð á verkefninu innan fyrirtækjanna og með góðri kynningu út á við. Þá þurfi að gæta þess að brúa bilið þannig að Sjálfbærni- og vaxningaráttakendi tynist ekki þegar uppbyggingarskeiðinu lýkur og reksturinn tekur við, með tilheyrandi mannaskiptum. Bent var á að það gæti verið styrkur að tengja bæði verkefnin, á Austurlandi og Norðurlandi með einhverjum hætti.

Fyrirtækin hafa skuldbundið sig til að fylgjast með vísunum, upplýsa um þróun þeirra og bregðast við ef þróunin kallar á aðgerðir. Þegar fram líða stundir þurfi almenningur og hagsmunaaðilar að sjá niðurstöður vöktunarinnar og að við þeim sé brugðist, hvort sem um er að ræða málefni þar sem áhrif framkvæmdanna eru talin bein, óbein eða afleidd.

Svarendur í hópi heimamanna á Austurlandi gerðu ýmsar athugasemdir við það hvernig til hefur tekist á uppbyggingarskeiðinu. Þau atriði sem þar eru nefnd varða marga aðila, stjórnvöld, sveitarfélög, Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun. Skilaboðin eru þau að ríki og sveitarfélög þurfi að standa betur að þeim þáttum sem að þeim snúa, í svo umfangsmiklum framkvæmdum sem hér um ræðir.<sup>1</sup> Gagnvart sjálfbærni- og vaxningaráttakendinu leiðir þetta hugann að því hver sé vettvangurinn fyrir umræðu um þau atriði og / eða þá vísa þar sem áhrifin eru afleidd.

Varðandi nýtt verkefni kom fram að reynslan af Austurlandsverkefninu muni koma að góðum notum. Gjarnan megi byrja fyrir þannig að vísarnir nýtist strax á uppbyggingartímanum. Hugsanlega ætti að leggja meiri áherslu á að vinna með nærsvæðinu og byrja umræðuna opið út frá því sem helst hvílir á fólki. Huga mætti að því að vinna samráðshópsins verði samfelldari og að sameiginleg sýn þátttakenda á tilgang og markmið verkefnisins sé mikilvæg. Þá þurfi að standa vörð um hlutleysi og trúverðugleika, annars vegar með skýrri skilgreiningu á aðkomu fyrirtækjanna og með því að fagvinnan sé í höndum hlutlausra aðila.

Hugsanlegt er að það verið þeir jákvæðustu úr hópi þátttakenda sem voru tilbúnir að svara spurningum og ekki er vitað hvers vegna sjö þátttakendur brugðust ekki við tölvupósti þar sem þess var óskað.

Með þeim fyrirvara stendur það þó uppúr að verkefnið hlýtur góða einkunn bæði hjá svarendum úr hópi þátttakenda og frá fyrirtækjunum og greina má nokkuð sterkt eignarhald. Skilaboðin eru skýr um það að það hafi verið áhugavert og lærdómsríkt að taka þátt í verkefninu og það muni, til lengri tíma litið skipta máli – enda hafi sú trú verið ástæðan fyrir því að fólk var tilbúið að taka þátt.

Meginniðurstöðu endurmatsins má draga saman með orðum eins svaranda:

*Verkefni sem þessu lýkur aldrei. Nú er eftir að fá upplýsingar um stöðuna og upplýsa fólk um stöðuna. Það þarf að halda mikið betur utan um verkefnið. Verkefnið hefur þó skilað gríðarlega miklu eins og staðan er í dag en það getur skilað ennþá meiru ef verður unnið betur úr því.*

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í kafla 8.

# 1. INNGANGUR

*Sjálfbærni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var sett á laggirnar árið 2004 í upphafi framkvæmda við byggingu álvers Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar.*

*Hvorugt fyrirtækjanna hafði forskrift að því hvernig staðið skyldi að þessu verkefni. Fljótlega kom í ljós að verkefnið var í raun frumkvöðlastarf, ekki bara hér á landi heldur einnig á heimsvísu. Ekki er vitað til að slík verkefni hafi farið af stað í upphafi ferils þar sem framkvæmdir eru að hefjast.<sup>2</sup>*

Verkefnið hlaut heitið Sjálfbærni Alcoa á Austurlandi. Skilgreining sjálfbærni Alcoa var unnin með samráðshópi, þar sem sæti áttu 34 fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum og tóku 32 þeirra þátt í vinnu hópsins að fullu eða að hluta. Vísunum er ætlað að endurspegla þá þætti sem ástæða er talin til að fylgjast með, m.t.t. breytinga sem verða vegna Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa Fjarðaáls.

*Þróaðir voru 45 vísar í samvinnu við samráðshópinn og alls 78 mælikvarðar sem nota á til að fylgjast með vísunum. Til að setja vísana í viðara samhengi eru þeir flokkaðir eftir því hvernig þeir tengjast hinum þremur meginstoðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. fólkið, umhverfið og efnahagurinn.*

*Alcoa og Landsvirkjun hafa skuldbundið sig til að fylgjast með þessum vísunum, upplýsa um þróun þeirra og bregðast við ef þróunin kallar á aðgerðir. Fyrirtækin munu reglulega endurskoða vísana og breyta þeim ef þörf er á til að tryggja notagildi þeirra við að mæla áhrif starfsemi þeirra á sjálfbæra þróun á Austurlandi.<sup>3</sup>*

*Í Sjálfbærni Alcoa eru áhrifin af framkvæmdunum flokkuð í þrennt: bein, óbein eða afleidd áhrif.*

*Bein áhrif: Áhrif sem er hægt að rekja beint til byggingar eða reksturs virkjunar og álvers.*

*Óbein áhrif: Áhrif sem geta verið af völdum starfsemi fyrirtækjanna, en breytingar geta líka verið af öðrum ástæðum, ótengdum þeirri starfsemi.*

*Afleidd áhrif: Áhrif sem eru ekki beinlínis tengd starfsemi fyrirtækjanna, en geta stafað af athöfnum annarra sem hugsanlega láta starfsemina hafa áhrif á ákvarðanir sínar og athafnir.<sup>4</sup>*

Nú, þegar fyrirhugað er að hefja samskonar verkefni við upphaf framkvæmda sem áformaðar eru á Norðurlandi vegna álvers á Bakka, ákváðu fyrirtækin að meta ferli og árangur Austurlandsverkefnisins og var ILDI falið að sjá um viðtöl við þátttakendur og þá fulltrúa fyrirtækjanna sem þátt tóku í verkefninu.<sup>5</sup>

Samantekt úr þessari ytri og innri greiningu fer hér á eftir.

---

<sup>2</sup> Af vef sjálfbærni Alcoa, [www.sjalfbaerni.is](http://www.sjalfbaerni.is)

<sup>3</sup> Einnig af vefnum [www.sjalfbaerni.is](http://www.sjalfbaerni.is)

<sup>4</sup> Af vefnum [www.sjalfbaerni.is](http://www.sjalfbaerni.is)

<sup>5</sup> Þess má geta að ráðgjafi ILDIS, sú er þetta vinnur, hafði umsjón með fundum samráðshópsins í Austurlandsverkefninu á sínum tíma.

## 2. FRAMKVÆMD

Umsjón með endurmatinu var í höndum fulltrúa beggja fyrirtækjanna, ásamt ráðgjafa ILDIS. Þetta voru Finnur Sveinsson ráðgjafi í verkefnum fyrir Alcoa, Ragnheiður Ólafsdóttir frá Landsvirkjun, Hildur Hrólfsdóttir frá Landsneti og Kristján Þ. Halldórsson frá Alcoa. Við endurmatið var m.a. byggt á forskrift frá International Association for Public Participation, IAP2, um hvaða þætti skuli meta þegar gagnsemi og árangur samráðs/þátttöku er til skoðunar. Spurningalistarnir fylgja hér með sem viðhengi.

### 2.1 ÞÁTTAKENDUR Í SAMRÁÐSHÓPI

Haft var samband við alla þátttakendur með tölvupósti og þeim sent bréf með ósk um þátttöku ásamt spurningalista. Í framhaldi af því bókaði ráðgjafi ILDIS símaviðtöl við þá sem gáfu á því kost. Erindið var ítrekað einu sinni við þá sem ekki svöruðu fyrsta pósti.

Sendur tölvupóstur til þeirra sem fundust netföng hjá <sup>6</sup>	33	
Svöruðu		22
Töldu sig ekki hafa forsendur til að svara vegna lítillar aðkomu		2
Vildu svara, en höfðu svo ekki tíma		2
Engin viðbrögð		7
<b>Samtals</b>	<b>33</b>	<b>33</b>

Viðtölin 22 voru tekin á tímabilinu 6. maí – 20. júní. Flest viðtölin tóku um 30 mínútur, það stysta tók 5 mínútur og það lengsta 65 mínútur. Ásamt því að merkja við valkost í hverju svári var þátttakendum gefinn kostur á að gera athugasemdir sem skráðar voru niður og síðan lesnar upp. Spyrjandi spurði einstaka sinnum nánar út í svör viðmælenda. Öllum var gefinn kostur á að fá listann sendan eftir útfyllingu, til að yfirfara hann og þáðu nokkrir það og gerðu sumir einhverjar breytingar.

### 2.2 FULLTRÚAR FYRIRTÆKJANNA

Samtals tóku átta starfsmenn frá fyrirtækjunum þátt í starfi samráðshópsins, fimm frá Alcoa og þrír frá Landsvirkjun. Einn starfsmaður er hættur. Af sjö starfsmönnum, svöruðu sex spurningalistanum, en ekki náðist í einn. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 21. maí til 24. júní og tóku flest um 30 mínútur. Það lengsta var 47 mínútur en því stysta lauk á 7 mínútum.

Margar sömu spurningar og þær sem lagðar voru fyrir þátttakendur, voru í spurningalistanum fyrir fyrirtækin en auk þess voru nokkrar fleiri spurningar sem snertu framkvæmd og væntingar fyrirtækjanna.

---

<sup>6</sup> Netfang fannst ekki hjá einum meðlimi í samráðshópnum. Viðkomandi hafði ekki tekið virkan þátt í verkefnum.

### 3. SPURNINGAR LAGÐAR FYRIR BÁÐA HÓPA

Hér fer á eftir úrvinnsla úr svörum bæði þátttakenda í samráðshópnum og fulltrúa fyrirtækjanna, við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir báða hópa. Gert er grein fyrir svörum við hverja spurningu fyrir sig. Þess skal getið að mörg dæmi voru um að fólk valdi ekki ákveðinn svarmöguleika – sem þar með flokkast sem „ekki svarað“, en kom með athugasemdir sem voru skráðar og er haldið hér til haga.

Spurningar eru skáletraðar í upphafi hvers kafla. Fyrri númerið vísar til númers spurningar í listanum fyrir þátttakendur en það síðara til listans sem lagður var fyrir fulltrúa fyrirtækjanna.

#### 3.1 VAR TEKIÐ MIÐ AF ÞVÍ SEM ÞÁTTTAKENDUR HÖFÐU FRAM AÐ FÆRA?

*Spurning 1/3: Telurðu að í sjálfbærni-verkefninu hafi með sanngjörnum hætti verið tekið mið af því sem þátttakendur höfðu fram að færa?*


##### SVÖR ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Nítján af 22 svarendum telja að tekið hafi verið mið af því sem þátttakendur höfðu fram að færa. Flestir þeirra, eða 12, segja þetta hafa verið að mestu leyti, en 7 segja þetta hafa verið tvímælalaust.

Tveir segja þetta hafa verið í meðallagi og einn svarenda telur að ekki hafi verið tekið nægilega mikið mið af því sem þátttakendur höfðu fram að færa.

##### ATHUGASEMDIR SVARENDA

- Verkefnið var að mótast
  - Hugmyndafræðin var öll ný fyrir þátttakendunum, þannig að fólk vissi ekki alveg til hvers var ætlast.
  - Allir voru lengi að átta sig á hvernig ætti að vinna verkefnið.
  - Verið var að leita að farvegi.
- Viðfangsefnin
  - Verkefnið virtist fyrst og fremst vera miðað við náttúruvísindi, meðan félagslegi þátturinn var óáþreifanlegri – þó svo að í hópnum væru fulltrúar úr „samfélagsgeiranum“.
  - Hugsanlegt ER að þátttakendur hafi átt fullt í fangi með að átta sig á umfanginu og áhrifunum af framkvæmdunum.



- Samræðan
  - Menn voru misjafnlega fylgnir sér og sumir gerðu meiri kröfur en aðrir um að á þá væri hlustað, eins og eðlilegt er í svona hópi.
  - Verkefnið var á vegum Alcoa og Landsvirkjunar og litaðist aðeins af þeirri umgjörð.
  - Mér fannst fara svolítið mikill tími í að rífast við þá sem voru umhverfismegin. Fannst þeir ekki átta sig alveg á því að þríhyrningurinn yrði að vera jafn.
  - Mér fannst eins og um miðbikið kæmu inn einhverjir „besserwisserar“ sem vildu mótværa fólkið þannig að það yrði meira einsleitt. Ég þakka fyrir að það var fólk þarna með afgerandi skoðanir.
- Þátttaka
  - Það var galli þegar voru að koma inn nýjir fulltrúar fyrir hagsmunaaðila.
- Ánægja
  - Það var vel að þessu staðið og frábært að gefa fulltrúum hagsmunaaðila tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
  - Ég lærði mikið á þessum fundum og það nýttist mér í reynslubankann

### SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Svarendur telja að það hafi með sanngjörnum hætti verið tekið mið af skilaboðum þátttakenda og skiptast til helminga, milli þess að segja þetta hafa verið að mestu leyti, eða tvímælalaust.

Já, tvímæla- laust	Já, að mestu leyti	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
3	3	0	0	0	0

Hér kemur fram smávægilegur munur á skilaboðum þátttakenda og fyrirtækjanna, þ.e. fulltrúar fyrirtækjanna eru örlítið vissari en þátttakendurnir um að tekið hafi verið, með sanngjörnum hætti, mið af skilaboðum þátttakenda. Megin niðurstaðan er þó sú að hér hefur að mati flestra tekist nokkuð vel til.




### 3.2 VAR ÞÁTTTAKENDUM LJÓST MARKMIÐ, MÖGULEIKAR Á ÁHRIFUM OG FERLIÐ?

Spurning 3/4: Telurðu að þátttakendum hafi verið ljóst hver voru markmið verkefnisins, hversu mikil áhrif þeir gætu haft og hvernig ferlinu yrði háttað?

#### SVÖR ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Tæplega helmingur svarenda, eða 10 af 22 telja að þátttakendum hafi verið fremur ljóst hver voru markmið verkefnisins, hversu mikil áhrif þeir gætu haft og hvernig ferlinu yrði háttað. Þrír töldu þetta hafa verið í meðallagi og aðrir þrír að þetta hafi ekki verið nægilega ljóst. Þrír svöruðu ekki spurningunni – en komu í einhverjum tilvikum með athugasemdir. Tveir töldu markmið, möguleika á áhrifum og ferlið, hafa verið þátttakendum mjög ljóst.



#### ATHUGASEMDIR SVARENDA

- Þróunarverkefni
  - Sennilega gerði hópurinn sér ekki gert sér grein fyrir hvernig þetta myndi þróast, þegar lagt var af stað.
  - Þetta var líka nýtt fyrir Landsvirkjun og Alcoa og fyrirtækin höfðu enga fyrirmynd.
- Þátttaka
  - Hugsanlegt er að ekki hafi allir þátttakendur sett sig nægilega vel inn í málin.
  - Erfitt er að meta þetta vegna þess að sumir tóku lítinn þátt. Einhverjum var þetta alveg ljóst, en öðrum ekki.
  - Skilningurinn læddist inn smám saman, sérstaklega hjá því fólki sem mætti alltaf á fundina.
- Þekking og reynsla
  - Burtséð frá því að verkefnið var nýtt fyrir öllum, þá var misjafnt hvort fólk hafði reynslu eða þekkingu á vinnubrögðum eins og þeim sem notuð voru.
  - Þátttakendur virtust hafa mismunandi góða þekkingu og skilning á orðinu sjálfbærni, sem var grunnurinn að verkefninu.
- Viðfangsefnin
  - Einn svarandi nefndi að það hefði komið á óvart á síðasta fundinum að hluti vísanna snerust um innri mál fyrirtækjanna, t.d. menntunarmál starfsmanna og hvað fyrirtækin gerðu fyrir sitt starfsfólk. Þetta væri, að mati viðkomandi, ekki mælikvarði á sjálfbærni á Austurlandi.

Bent var á að spurningin er þríþætt og ekki víst að þátttakendur geti gefið eitt svar sem gefi rétta mynd af upplifun þeirra. Þannig nefndi einn þátttakandi að viðkomandi hefði ekki verið nægilega ljóst hver voru markmið verkefnisins, né verið ljóst hvernig ferlinu yrði háttað, en að upplifunin um að geta haft áhrif á verkefnið hefði verið í meðallagi.

Fram kom að reynt hafi verið að útskýra þetta vel til að byrja með, en að það hafi tekið tíma fyrir alla að ná utan um verkefnið. Sá skilningur hafi þó komið smátt og smátt, nema helst þegar fólk komst ekki á fundina.

Einn svarandi nefndi að sér hefði allan tímann fundist það óljóst hvort hægt væri að ná þeim markmiðum sem verið var að vinna að. Jafnvel þó þau hafi verið skýr hjá fyrirtækjunum og ráðgjöfunum, var viðkomandi ekki viss um að hægt væri að ná þeim markmiðum með þeim tækjum og tólum sem verið var að búa til.

### SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Hér má sjá að helmingur svarenda telja að þátttakendum hafi verið það ljóst að mestu leyti hver voru markmið verkefnisins, hversu mikil áhrif þeir gætu haft og hvernig ferlinu yrði háttað, en helmingur telur þetta aðeins hafa verið í meðallagi.

Mjög mikla	Fremur mikla	Í meðallagi	Fremur litla	Mjög litla	Svarar ekki
0	3	3	0	0	0

Í athugasemdum sínum var svarendum efst í huga að verkefnið er þróunarverkefni og því framandi fyrir alla. Sennilega hafi fæstir gert sér grein fyrir því í upphafi hver voru markmið verkefnisins og hversu mikil áhrif þeir gætu haft. Hins vegar hafi þessi skilningur vaxið eftir því sem leið á verkefnið. Fyrirtækin hafi reynt að gefa um það skýr skilaboð að fólk ætti að hafa áhrif. Í byrjun, meðan þátttakendur hafi enn verið að átta sig á þessu, hafi fulltrúar fyrirtækjanna ekki áttað sig á því að hópurninn var ekki búinn að átta sig.


**Líkt og þátttakendurnir, töldu fulltrúar fyrirtækjanna það ekki hafa verið nægilega skýrt í hugum þátttakenda, hver voru markmið verkefnisins, hversu mikil áhrif þeir gætu haft og hvernig ferlinu yrði háttað, sérstaklega framan af. Báðir hópar eru sammála um að skýringin sé fyrst og fremst sú að um þróunarverkefni var að ræða.**

### 3.3 VAR FERLIÐ SVEIGJANLEGT?

Spurning 5/13: Finnst þér ferlið hafa verið nægilega sveigjanlegt til að bregðast við málefnum sem komu upp?

#### SVÖR ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Flestir svarenda telja ferlið hafa verið nægilega sveigjanlegt til að bregðast við málefnum sem komu upp, fjórtán segja það hafa verið fremur sveigjanlegt og fjórir að það hafi verið mjög sveigjanlegt. Eða 18 af 22, sem eru tæp 82%. Tveir telja þetta hafa verið í meðallagi, einn ekki nægilega og einn svarar ekki.



#### ATHUGASEMDIR SVARENDA

Í athugasemdum var m.a. spurt hvað sé nægjanlega sveigjanlegt, það geti verið svo huglægt.

#### Opin umræða

- Það var tekið tillit til athugasemda og engu stungið undir stól.
- Menn hræddust enga umræðu inni í þessum hópi.
- Ef eitthvað kom upp voru menn tilbúnir til að hlusta.
- Þátttakendur fengu tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri í gegnum tölvupóst og þess háttar.

#### Sveigjanleiki

- Þetta var kannski sveigjanlegt innan hvers fundar en það leið langur tími á milli og því varð ferlið langdregið.
- Stundum var kannski full mikið og tímafrekt lýðræði í gangi meðan á þessu stóð! En það reyndar skilaði sér.

#### SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Almennt er niðurstaða svarenda sú að ferlið hafi verið nægilega sveigjanlegt til að bregðast við málefnum sem komu upp. Þrír segja að það hafi verið fremur sveigjanlegt en tveir telja það hafa verið mjög sveigjanlegt. Einn telur ferlið ekki hafa verið nægilega sveigjanlegt.

Já, mjög sveigjanlegt	Já, fremur sveigjanlegt	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
2	3	0	1	0	0

Bent var á að í verkefni sem þessu geti það gert hlutina flóknari að margir aðilar standa að, þ.e. fyrirtækin – og ramminn þá orðið ósveigjanlegri. Það sé styrkur að vinna þetta saman en líka galli. Þó sé styrkurinn meiri en gallinn. Það geti líka valdið stífleika að vinna á fleiri en einu tungumáli. Einnig skipti það máli að búið hafi verið að taka ákvörðun um framkvæmdirnar þegar boðið var til samráðs.

Varðandi ferlið var nefnt að það hafi verið sveigjanlegt, bætt við einum fundi og alltaf brugðist við skilaboðum og málefnum sem komu upp. Auður Ingólfssdóttir, ráðgjafi sem starfaði með hópnum, fékk sérstakt hrós.


**Báðir hópar, þ.e. fulltrúar fyrirtækjanna og almennir þátttakendur eru þeirrar skoðunar að ferlið hafi verið fremur sveigjanlegt, þó hugsanlega hefði mátt gera betur í þeim efnum.**

### 3.4 FENGU ÞÁTTTAKENDUR NÆGAR UPPLÝSINGAR?

Spurning 6/5: Er það þitt mat að þátttakendur hafi fengið þær upplýsingar sem þeir þurftu til að taka virkan þátt í verkefninu?

#### SVÖR ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Helmingur svarenda, eða 11, telja að þátttakendur hafi að mestu leyti fengið þær upplýsingar sem þeir þurftu til að taka virkan þátt í sjálfbærni-verkefninu. Níu segja þetta hafa verið tvímælaust og því eru nær allir þátttakendur nokkuð sáttir við þennan þátt, eða 91%. Tveir telja þetta hafa verið í meðallagi.



#### ATHUGASEMDIR SVARENDA

Þær athugasemdir sem fylgdu svörum við þessari spurningu voru allar á þann veg, að þátttakendur hafi fengið eins góðar upplýsingar og kostur var, en að það hafi líka verið undir þeim sjálfum komið að fara í gegnum þær og meðtaka – og jafnvel afla sér viðbótar upplýsinga, sem þeir gátu haft aðgang að á öðrum vettvangi.

Þá var bent á stundum hafi upplýsingastreymið til hagsmunaaðila galdið þess þegar urðu mannaskipti af þeirra hálfu – sem rýrði þá gildi verkefnis fyrir þá og þeirra fulltrúa.

#### SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Helmingi svarenda virðist að þátttakendur hafi að mestu leyti fengið þær upplýsingar sem þeir þurftu til að taka virkan þátt í verkefninu, tveir telja að þetta hafi verið í meðallagi og einn velur kostinn „tvímælaust“.

Já, tvímæla- laust	Já, að mestu leyti	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
1	3	2	0	0	0

Bent var á í athugasemdum að hugsanlega hefði mátt gera betur að þessu leyti. Þetta var nýtt fyrir fólki og margir óvanir að taka þátt í svona ferlum. Ef til vill hefði þurft meiri upplýsingar. Af þessu megi læra í nýju verkefni m.a. út frá því hverju fólk hefur mestan áhuga á.


Fulltrúar fyrirtækjanna eru heldur gagnrýnni á sjálfa sig en þátttakendur og spyrja sig hvort hefði þurft meiri upplýsingar og fræðslu vegna þess að verkefnið var lærdómsferli fyrir alla.

### 3.5 KOM FRAM HVERNIG UPPLÝSINGAR VORU NÝTTAR?

Spurning 7/6: Fannst þér koma skýrt fram hvernig upplýsingar frá þátttakendum voru nýttar í verkefninu?

#### SVÖR FULLTRÚA Í SAMRÁÐSHÓPI

Sex svarendur telja að það hafi að mestu leyti komið fram hvernig upplýsingar frá þátttakendum voru nýttar í verkefninu og aðrir sex segja þetta hafa verið í meðallagi, meðan 5 telja þetta hafa verið tvímælaust. Að mati tveggja svarenda var þetta ekki nægilega skýrt og þrír svara ekki spurningunni.



#### ATHUGASEMDIR SVARENDA

Almennt töldu þeir svarendur sem fylgdu svörum sínum eftir með athugasemdum, að það hafi verið tekið tillit til þeirra upplýsinga sem þátttakendur í samráðshópnum komu á framfæri. Nokkrir veltu því fyrir sér hversu rekjanlegt það hefði yfir höfuð átt að vera, hvað kom frá hverjum.

Bent var á að þegar farið var að skilgreina vísana, var um leið farið að þrengja verkefnið og þá kunni eitthvað af upplýsingum að hafa tapast.

#### SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Svarendur telja almennt að það hafi komið skýrt fram hvernig upplýsingar frá þátttakendum voru nýttar í verkefninu. Tveir segja þetta hafa verið án tvímæla og þrír segja „að mestu leyti“. Einn tekur ekki afstöðu til spurningarinnar.

Já, tvímæla- laust	Já, að mestu leyti	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
2	3	0	0	0	1

Svarendur nefndu einnig að verkefnið var stórt og viðamikil og þó ráðgjafarnir hafi unnið vel, þá krafðist það líka vinnu af þátttakendum til að skilja það.


**Nær þriðjungur svarenda úr samráðshópnum segja „í meðallagi“ og telja að gera hefði mátt betur í því að láta það koma fram hvernig upplýsingar frá þátttakendum voru nýttar í verkefninu. Þetta er heldur slakari einkunn en er mat fulltrúa fyrirtækjanna.**

### 3.6 ENDURSPUGLAÐI SAMRÁÐSHÓPURINN HAGSMUNAAÐILA?

Spurning 8/7: Hvernig telurðu að samráðshópurinn hafi endurspeglað hagsmunaaðila, eða þá sem hefðu hugsanlega áhuga á að taka þátt í verkefninu?

#### SVÖR ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Níu svarendur töldu samráðshópinn hafa endurspeglað hagsmunaaðila mjög vel og aðrir níu, segja „fremur vel“. Þrír segja þetta hafa verið í meðallagi og einn taldi hópinn hafa endurspeglað hagsmunaaðila fremur illa.



#### ATHUGASEMDIR SVARENDA

- Þetta virtust vera réttir hópar, m.a. frá ríkisgeiranum, sveitarfélögum, frjálsum félagasamtökum o.s.frv.
- Það hefðu mátt vera fleiri atvinnurekendur.
- Það hallaði svolítið á embættismenn, þ.e. þeir hafi kannski verið óþarflega margir.
- Það hefði mátt vera einn þátttakandi til viðbótar af alþjóðavettvangi, t.d. einhver sem hefði sérþekkingu á stórum stíflum o.þ.h., eða fulltrúa fjárfesta á alþjóðavettvangi.
- Of mikið samfélagsslagsíða, t.d. voru fjórir prestar í hópnum.
- Of mikið af „generalistum“ á kostnað sérþekkingar.
- Það hefði mátt hafa fleiri sérfræðinga á sviði umhverfis og efnahags.
- Kannski vantaði eitthvað uppá að menn væru boðaðir og svo að menn mættu. Spurning um áhuga hagsmunaaðila á verkefninu.
- Staðbundnir fulltrúar hefðu mátt hafa meiri áhrif. Að vægi þeirra í hópnum hefði verið meira. Hefði mátt fjölga í hópnum og fjölgunin ætti fyrst og fremst að felast í fulltrúum staðbundinna stofnana og sveitarfélaga. Er þó ekki að segja að einhverjum hafi verið ofaukið í hópnum.
- Það er ekki hægt að hafa of marga þátttakendur í svona hópi.
- Þetta var flottur hópur og það er hollt í svona verkefnavinnu að það komi allar skoðanir fram. Ég held að það hafi tekist nokkuð vel.

## SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Svarendur telja almennt að samráðshópurinn hafi endurspeglad hagsmunaaðila vel, ýmist tvímælalaust, eins og tveir segja, eða að mestu leyti, svara þrír. Einn telur þetta hafa verið í meðallagi.

Mjög vel	Fremur vel	Í meðallagi	Fremur illa	Mjög illa	Svarar ekki
2	3	1	0	0	0

- Ábendingar um aðila sem hefðu mátt eiga aðild að samráðshópnum:
  - Hefðu mátt vera fleiri sem voru á móti, úr öðrum geirum en umhverfisgeiranum.
  - Litið var á sveitarstjórnir sem fulltrúa landeigenda. Hugsanlega hefði mátt finna einhverja fulltrúa sem kæmu sterkar inn með sjónarmið landeigenda.
  - Hefðu mátt vera fleiri umhverfisverndarsinnar. Þeim var reyndar boðið en þáðu ekki.

**Báðir hópar telja að í meginatriðum hafi samráðshópurinn endurspeglad hagsmunaaðila. Gagnlegar ábendingar um hverjum ætti að bæta við, komu frá báðum aðilum.**



### 3.7 ENDURSPEGLA VÍSARNIR TÆKIFÆRI OG ÁHYGGJUEFNI SAMRÁÐSHÓPSINS?


Spurning 9/8: Hvernig finnst þér vísarnir endurspegla þau tækifæri og áhyggjuefni sem samráðshópurinn greindi?

#### SVÖR ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Þrettán svarendur telja að vísarnir endurspegli fremur vel þau tækifæri og áhyggjuefni sem samráðshópurinn greindi og fimm svarendur telja að þeir geri það mjög vel. Fjórir telja þetta vera ásættanlegt.

#### ATHUGASEMDIR SVARENDAR

Bent var á að ef til vill eigi þetta eftir að koma í ljós. Var það fram þeirri spurningu hvort þessi hópur hafi komið auga á allt sem hægt er að koma auga á og þá m.a. vísað til samsetningar hópsins – sjá athugasemdir í kafla 3.6 hér á undan.



Einn svarandi sagðist hafa viljað fá fleiri vísa inn, aðallega tengda samfélags- og menningarmálum. Annar hefði viljað sjá meira um efnahagslegu áhrifin, þar sem ekki hafi verið tekið á því á öðrum vettvangi, en fyrir utan umhverfismálin hafi efnahagsmálin fengið mesta umræðu í þjóðfélaginu.

Fram kom að vísarnir og umræðan þróuðust frá því að viðfangsefnin voru mjög almenn og yfirgripsmikil, til þess að farið var að þrengja þau niður, því ekki var hægt að taka á öllu. Þannig kom sumt af því sem fólk setti á oddinn fyrst, ekki alveg fram undir lokin og megi jafnvel segja að það áherslurnar hafi mildast eftir því sem verkefninu vatt fram.

#### SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Flestir fulltrúa fyrirtækjanna telja að vísarnir endurspegli fremur vel þau tækifæri og áhyggjuefni sem fram komu hjá samráðshópnum, eða fjórir - og tveir telja þá gera það mjög vel.

Mjög vel	Fremur vel	Ásættanlega	Fremur illa	Mjög illa	Svarar ekki
2	4	0	0	0	0

Vinsælasti svarmöguleikinn hjá báðum hópum er „fremur vel“ og gætir því töluverðs samhljóms þar. Fulltrúar fyrirtækjanna eru eilítið ánægðari með það hvernig vísarnir endurspegla sjónarmið samráðshópsins, en þátttakendur sjálfir.

### 3.8 HVERNIG STENDUR EFTIRFYLGNIÐ?

Spurning 10/14: Hvernig meturðu stöðuna varðandi eftirfylgni verkefnisins miðað við þau markmið sem sett voru í upphafi?


#### SVÖR FULLTRÚA Í SAMRÁÐSHÓPI

Helmingur svarenda treystu sér ekki til að svara þessari spurningu, á þeirri forsendu að þeir hefðu ekki fylgst nægilega vel með eftirfylgninni. Sex sögðu hana vera fremur góða, þrjár ásættanlega og tveir fremur lélega.

Flestir svarendanna höfðu skoðað vefsíðuna, en aðrir ekki.

#### ATHUGASEMDIR SVARENDA

- Verkefnið má ekki gleymast.
- Það er ferli í gangi - þó gangi hægar en áætlað var.
- Eftir samráðshópinn
  - Það hefur ekki heyrst mikið af verkefninu eftir að við kláruðum það. En það er ekki þar með sagt að því hafi ekki verið fylgt eftir. Kannski höfum við ekki fylgst nægilega mikið með.
  - Mér fannst verkefnið á einhverjum tímamarki tynast. Það fór mjög bratt af stað með áhuga og látum og sýnileika. Svo er eins og hafi fjarð undan því og það týnst.
  - Það er miður hvað hefur heyrst lítið um verkefnið, því menn voru búnir að leggja mikið á sig.
  - Samkvæmt þeim skýrslum sem gefnar hafa verið út, virðist sem verið sé að nota vísana.
- Út á við
  - Of fáir vita um verkefnið og það þyrfti að kynna það betur gagnvart almenningi, sveitarfélögunum og fleiri hagsmunaaðilum og minna síðan á það með reglubundnum hætti.
  - Ef verkefnið hefur skilað árangri, væri mjög jákvætt fyrir fyrirtækin að fá um það umfjöllun, ekki bara á Austurlandi, heldur á landsvísu.
- Til lengri tíma
  - Væntanlega mun verkefnið verða sýnilegra þegar fram líða tímar og markmiðin smám saman nást.
  - Árangurinn af þessu verkefni mun ráðast af því hvað verður gert með þá vísu þar sem áhrifin eru afleidd.
  - Eftirfylgnin tengist markmiðunum fyrir vísana og fólk vill sjá viðbrögð við niðurstöðunum, t.d. varðandi afleiddu áhrifin, þá skipti máli hvort stjórnvöld bregðist við því sem að þeim snýr og hvort fyrirtækin beiti stjórnvöld nægilegum þrýstingi.



- Hugmyndir tengdar eftirfylgni
  - Nýta ætti stofnanir Austanlands við vöktunina, eins og hægt er. Þar er víða mikil þekking og reynsla.
  - Það væri gott að vera með töflu/yfirlit yfir stöðuna á eftirfylgni gagnvart öllum vísunum þannig að auðveldara sé að sjá hvernig þetta stendur.
  - Ein leið er að nota rafræn fréttabréf, fólk les það frekar en fréttabréf sem koma á pappír.
  - Þetta þarf að vera tiltækt á síðunni, þannig að upplýsingarnar séu skiljanlegar á aðgengilegu formi og kannski ráðstefnur, blaðagreinar tvisvar á ári eða eitthvað slíkt.
  - Það mætti gjarnan gefa út skýrslu um stöðuna á 1 – 2ja ára fresti. Kannski útgáfa næst árið 2010.
  - Minni og afmarkaðri þættir teknir fyrir inn á milli og kynntir.

Ábending:

- Einn svarandi hafði gefið upplýsingar árin 2006 og 2007, vegna vöktunar en þær höfðu, þegar viðtalið var tekið, ekki ratað inn á vefsíðuna.

## SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Helmingur svarenda telja stöðuna á eftirfylgni vera góða, tveir telja hana fremur góða og einn mjög góða. Tveir telja hana hinsvegar vera fremur lélega og einn tekur ekki afstöðu til spurningarinnar.

Mjög góð	Fremur góð	Ásættanleg	Fremur léleg	Mjög léleg	Svarar ekki
1	2	0	2	0	1

Hér var nefnt að upplýsingaöflun hafi verið og sé í gangi. Það hafi þó verið erfitt að fá fram upplýsingar um grunnástand. Búið sé að kynna verkefnið á vefsíðu og það séu góðir ráðgjafar í vöktunarrannsóknunum. Það sé þó mikil vinna að koma upplýsingunum á skiljanlegu formi á vefsíðuna. Vefsíðan hafi verið léleg í byrjun og það hafi þurft meiri krafta og peninga til að gera þetta vel, en áætlað hafði verið.

Hins vegar þurfi að gera mun betur varðandi kynningarmál og samskipti og að tengsl við samráðshópinn hafi ekki verið ræktuð. Ef til vill sé ekki tímabært að meta eftirfylgnina ennþá. Það hafi þurft meiri tíma innan fyrirtækjanna til að koma eftirfylgninni í farveg og það sé fyrst að byrja að gerast núna. Styrkja þurfi stöðu verkefnisins innan fyrirtækjanna, auka þar kynningu og ábyrgðartilfinningu. Helst þurfi að setja inn í skipurit hver eigi að bera ábyrgð á verkefninu innan fyrirtækjanna. Ef til vill þyrftu að vera fleiri virkir þátttakendur frá hverju fyrirtæki. Skapa þurfi meiri helgun starfsmanna á verkefninu.


**Hér kemur fram nokkur munur á afstöðu milli þátttakenda í samráðshópnum annars vegar og fulltrúa fyrirtækjanna hins vegar, sem skýrist af því að flestir úr síðarnefnda hópnum hafa betri yfirsýn yfir eftirfylgnina. Helmingur svarenda úr hópi þátttakenda hafði ekki næga vitneskju um eftirfylgnina og tók því ekki afstöðu til spurningarinnar. Báðir hópar telja að hér þurfi að gera betur og komu með fjölmargar gagnlegar ábendingar um leiðir til þess.**

### 3.9 HVERJU MUN SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ BREYTA?

Spurning 11/17: Hversu miklu telurðu að það muni breyta varðandi framkvæmdirnar, til lengri tíma litið, að skilgreindir hafa verið sjálfbærnisár vegna þeirra?

#### SVÖR ÞÁTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Sjö svarendur telja að það muni breyta mjög miklu varðandi framkvæmdirnar á Austurlandi, að skilgreindir hafa verið sjálfbærnisár vegna þeirra og aðrir sjö telja það breyta frekar miklu. Fimm svöruðu ekki, tveir töldu að þetta muni breyta frekar litlu og einn merkti við svarmöguleikann „hvorki né“. Margir þeirra sem voru þeirrar skoðunar að verkefnið muni breyta mjög eða frekar miklu, fylgdu svörum sínum eftir með athugasemdum um hvað þyrfti til að svo megi verða.



#### ATHUGASEMDIR SVARENDARNA

Almennt voru athugasemdir á þann veg að svarendur lýstu þeirri von sinni að sjálfbærnisárin og vöktunin muni hafa áhrif og þá þannig að hægt sé að grípa inni ef hlutir eru ekki að þróast á réttan veg. Margir sögðu þó að þeir gerðu sér ekki grein fyrir hversu miklu þetta gæti breytt. Það hafi þó verið tilgangur þeirra sem tóku þátt, að þetta myndi hafa áhrif. Bent var á að ef ekki hefði verið lagt út í þessa vinnu væri mjög erfitt og huglægt að meta árangur og afleiðingar eftir. Fram kom að þær upplýsingar sem er safnað vegna vísanna, séu tvímælalaust mikilvægar, bæði fyrir fyrirtækin og samfélagið og að til að þetta skili árangri þá skipti mjög miklu máli að mælingarnar séu góðar og upplýsingarnar áreiðanlegar. Nefnt var að vísarnar séu yfirgripsmiklir og vefsíðan athyglisverð. Árangurinn af verkefninu ráðist m.a. af því hve takist að skapa sterka meðvitund um vísana og annars vegar sé það í höndum fyrirtækjanna og hins vegar þurfi fólk sjálft að bera sig eftir því.

- Verkefnið mun breyta miklu, ef því verður fylgt vel eftir.
- Þetta var frumkvöðulsverkefni og ákveðinn leiðarvísir um hvernig á að gera svona, hvað svo sem kemur út úr því.
- Þetta styrkir stöðu fyrirtækjanna gagnvart samskiptum við almenning og hagsmunaaðila og gæti auðveldað þeim að ná markmiðum sínum.
- Þetta skiptir máli fyrir eftirfylgnina á verkefnalokum og á áherslur og stefnu á rekstartíma auk þess sem niðurstöður ættu að skila sér inn í betri framkvæmdir í framtíð.

- Þetta er líka spurning um uppeldi á stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækjanna - en það að þau leggja út í svona verkefni gefur skýr skilaboð til starfsmanna.
- Hugmyndafræðin var mjög góð. Þetta breytir miklu fyrir þá vísa sem voru unnir og skilgreindir.
- Það er best að hafa vísana uppi á borðinu snemma á framkvæmdaferlinu, frekar en að skilgreina þá síðar.

### SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Meirihluti svarenda telur að það að skilgreindir hafa verið sjálfbærnisár vegna framkvæmdanna á Austurlandi, muni breyta mjög miklu, eins og helmingur svarenda segir, eða fremur miklu eins og tveir segja. Einn svarar ekki spurningunni.

Mjög miklu	Fremur miklu	Hvorki né	Frekar litlu	Mjög litlu	Svarar ekki
3	2	0	0	0	1

Fram kom að Sjálfbærniverkefnið hafi nú þegar haft gífurleg áhrif án þess að vera sýnilegt, í áherslum Alcoa Fjarðaáls við upphaf starfseminnar, t.d. ráðningum og fleiru. Vísarnir séu þó ekki eini mælikvarði á árangur, heldur ekki síður ferlið. Ef takist að uppfylla markmið verkefnisins geti það haft mikil áhrif, en það sé næsta vers. Verkefnið gefi góða möguleika og ástæða til að vona að þetta eigi eftir að skila mjög miklu.

Vefsíðan og upplýsingarnar geti orðið öflugur gagnagrunnur sem verði notaður í rannsóknir vísindamanna á öllum sviðum sjálfbærrar þróunar.

Umfram allt sé árangurinn háður því hvort takist að halda dampi við að fylgja þessu eftir. Það þurfi að gæta að því að eftirfylgnin detti ekki niður vegna mannaskipta eða einhvers þvíumlíks. Fyrirtækin megi ekki gleyma sér.

**Meirihluti svarenda í báðum hópum hafa mjög eða frekar mikla trú á að Sjálfbærniverkefnið muni skipta máli til lengri tíma litið. Það sé þó háð því að haldið verið áfram og verkefninu fylgt vel og markvisst eftir. Um þetta eru báðir hópar sammála.**


## 4. SPURNINGAR LAGÐAR EINGÖNGU FYRIR ÞÁTTTAKENDUR

Tvær af spurningunum sem lagðar voru fyrir þátttakendur voru ekki í spurningalistanum fyrir fulltrúa fyrirtækjanna. Hér er að finna svör samráðshópsins við þeim, ásamt ýmsum athugasemdum þátttakenda sem eiga við um verkefnið almennt, en eru ekki endilega tengdar ákveðnum spurningum.

### 4.1 VORU FYRIRTÆKIN EINLÆG Í ÁSETNINGI SÍNUM?

*Spurning 2: Telurðu að fyrirtækin hafi verið einlæg í þeim ásetningi sínum að fá ábendingar frá utanaðkomandi aðilum til að velja og móta sjálfbærnisana?*


Nítján af 22 eru þeirrar skoðunar að fyrirtækin hafi verið einlæg í þeim ásetningi sínum að fá ábendingar frá utanaðkomandi aðilum til að velja og móta sjálfbærnisana, sjö segja þetta hafa verið að mestu leyti og 12 segja „tvímælalaust“. Þrír segja einlægnina hafa verið í meðallagi.



### 4.2 HÖFÐU ÞÁTTTAKENDUR TRÚ Á AÐ ÞEIR GÆTU HAFT ÁHRIF Á VINNU SAMRÁÐSHÓPSINS?

*Spurning 4: Telurðu að þátttakendur hafi haft trú á að þeir gætu haft eitthvað um það að segja hvernig vinnu samráðshópsins yrði háttað?*

Ríflega helmingur svarenda, eða 14 telja að þátttakendur í samráðshópnum hafi haft fremur mikla trú á að þeir gætu haft eitthvað um það að segja hvernig vinnu hópsins yrði háttað. Fimm telja að þessi trú hafi verið mjög mikil. Samtals eru þetta 19 svarendur af 22, eða ríflega 86%. Þrír telja þetta hafa verið í meðallagi og einn segir „ekki nægilega“. Einn svarar ekki spurningunni.



## ATHUGASEMDIR SVARENDA

- Ferlið var skilgreint án aðkomu þátttakenda.
- Fólk var að leggja sig fram og margir tóku mjög vikan þátt í umræðum, væntanlega í þeirri trú að þeir gætu haft áhrif.
- Það er þakkarvert að margir höfðu afgerandi skoðanir og það auðgaði umræðuna hversu víða að úr samfélaginu þátttakendur voru.

### 4.3 ALMENNAR ATHUGASEMDIR UM VERKEFNIÐ OG VÍSANA

Ýmsar athugasemdir sem fram komu hjá þátttakendum í samráðshópnum vörðuðu verkefnið í heild og fylgja þær hér á eftir, að mestu með orðalagi svarenda.

- Ég er ekki sammála því að kalla verkefnið „Sjálfbærniverkefni“. Það var ekki eining innan hópsins um það vegna þess að deila má um hvort framkvæmdirnar eru sjálfbærar. Hefði mátt kalla það vöktunarverkefni.
- Ég held að fólk hafi átt fullt í fangi með að átta sig á umfanginu og áhrifunum af framkvæmdunum.
- Þetta eru yfirgripsmiklir vísar.
- Þetta var mjög spennandi þegar maður var mættur, en í grunninn vantaði smá sölumennsku á verkefninu.
- Það var virkilega áhugi hjá fyrirtækjunum að gera þetta vel og Auður var frábær.
- Það var vel að þessu staðið og frábært að gefa innviðunum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- Mér fannst þetta vera áhugavert og lærdómsríkt og fannst það skila heilmiklum upplýsingum inn í Sjálfbærniverkefnið og út í samfélagið og skapa meiri sátt.
- Ég hafði mjög gaman af þessu og tel mig hafa lært mjög mikið af þessu.
- Ég lærði mikið á þessum fundum og það nýttist mér í reynslubankann.
- Það var stórkostlegt að setja þetta sjálfbærniverkefni af stað.
- Síðan er mjög athyglisverð. Hefði kannski átt að fara oftár inn á hana. Finnst mjög vel að þessu staðið.
- Tapaði kontakt þegar Auður fór. Datt upp fyrir.
- Fólk var svolítið skeptískt fyrst – síðar byggðist upp traust.
- Mér fannst fyrsti hluti verkefnisins og seinni hlutinn vera afgerandi og skila mér persónulega meiru. Fólk náðist ekki á flug um miðbikið.
- Gott við Sjálfbærniverkefnið að það er hugsað til lengri tíma.

## 5. SPURNINGAR LAGÐAR EINGÖNGU FYRIR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

Í spurningalistanum fyrir fulltrúa fyrirtækjanna voru sjö spurningar sem eingöngu áttu við fyrirtækin, þeirra markmið með verkefninu og árangur. Svör við þeim spurningum er að finna hér.

### 5.1 HVERSU MIKLA TRÚ HÖFÐU FYRIRTÆKIN?

*Spurning 1: Hversu mikla trú telurðu að fyrirtækin hafi haft á því að þátttaka utanaðkomandi aðila myndi leiða til betri yfirsýnar og þar með gagnlegra sjálfbærnisá?*

Allir svarendur telja fyrirtækin hafa haft trú á þeirri leið að bjóða utanaðkomandi aðilum til þátttöku við mótun sjálfbærnisanna og meirihluti telur þessa trú hafa verið mjög mikla.

Mjög mikla	Fremur mikla	Í meðallagi	Fremur litla	Mjög litla	Svarar ekki
4	2	0	0	0	0

Fram kom í athugasemdum að betur sjá augu en auga og rætt um nauðsyn þess að fá víðtæk viðhorf. Fyrirtækin geti lokast inni í einhverjum skoðunum á hlutunum og skynja þá ekki viðhorf annarra.

### 5.2 HVERSU GAGNLEGT VAR SAMRÁÐIÐ?

*Spurning 2: Hversu gagnlegt telurðu að það hafi verið að móta sjálfbærnisana með fulltrúum hagsmunaaðila?*

Allir fulltrúar fyrirtækjanna telja það hafa verið gagnlegt að fara þessa þessa leið að búa til samráðshóp með fulltrúum hagsmunaaðila til að móta sjálfbærnisá. Fimm af sex segja það hafa verið mjög gagnlegt.

Mjög gagnlegt	Fremur gagnlegt	Í meðallagi	Ekki mjög gagnlegt	Alls ekki gagnlegt	Svarar ekki
5	1	0	0	0	0

Í athugasemdum var bent á mikilvægi þess að hafa hlutlausu stjórnendur á vinnunni og faglega leiðsögn.

### 5.3 FALLA VÍSARNIR OG MARKMIÐIN AÐ ÁHERSLUM FYRIRTÆKJANNA?

*Spurning 9: Hvernig finnst þér vísarnir og markmiðin falla að áherslum fyrirtækjanna?*

Allir telja vísana og markmiðin falla að áherslum fyrirtækjanna, helmingur segir þá gera það mjög vel og hinn helmingurinn fremur vel.

Mjög vel	Fremur vel	Ásættanlega	Fremur illa	Mjög illa	Svarar ekki
3	3	0	0	0	0

Fram kom í athugasemdum að niðurstöðurnar hafi verið góð lending fyrir alla og að vísunum sé ekki endilega ætlað að endurspeglar allar áherslur fyrirtækjanna.



## 5.4 SKILAÐI VERKEFNIÐ ÞEIM ÁRANGRI SEM AÐ VAR STEFNT?

*Spurning 10: Telurðu að verkefnið hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt, miðað við kostnað og/eða fyrirhöfn?*

Almennt ríkir ánægja með þann árangur sem verkefnið hefur skilað til þessa, út frá því að hverju var stefnt og miðað við kostnað og/eða fyrirhöfn. Helmingur svarenda segja þetta vera að mestu leyti, tveir segja „tvímælalaust“ og einn tekur ekki afstöðu.

Já, tvímæla- laust	Já, að mestu leyti	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
2	3	0	0	0	1

Í athugasemdum var tekið fram sérstaklega að gildið í Sjálfbærni-verkefninu felist ekki aðeins í vísunum, heldur ekki síður í ferlinu og þátttökunni. Eitt af megin markmiðunum var að vinna með hagsmunaaðilum.

Verkefni sem þessu ljúki aldrei. Nú eigi eftir að fá upplýsingar um stöðuna og upplýsa fólk um stöðuna. Það þurfi að halda mikið betur utan um verkefnið. Mikið af því sem var unnið hafi ekki verið sýnilegt.

Verkefnið hafi þó skilað gríðarlega miklu eins og staðan er í dag en það geti skilað ennþá meiru ef verður unnið betur úr því.

## 5.5 VAR VERKASKIPTING RÁÐGJAFNA SKÝRT SKILGREIND?

*Spurning 11: Var hlutverk, viðfangsefni og verkaskipting ráðgjafna skýrt skilgreint í upphafi og í hverjum áfanga verkefnisins?*

Fjórir svarendur af sex segja verkaskiptingu ráðgjafna hafa verið að mestu leyti skýrt skilgreinda og einn segir þetta hafa verið tvímælalaust. Einn kýs að svara ekki spurningunni.

Já, tvímæla- laust	Já, að mestu leyti	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
1	4	0	0	0	1

Bent var á að þetta var þróunarverkefni og verið að móta það, sem sé fyllilega eðlilegt í byrjun. Fyrirtækin hafi gert sitt besta – og ráðgjafarnir þurfi að segja til um hvernig þetta sneri við þeim.

## 5.6 VAR HLUTVERK VERKEFNISSTJÓRNAR SKÝRT SKILGREINT?

Spurning 12: Var hlutverk verkefnisstjórnar skýrt skilgreint í upphafi og í hverjum áfanga verkefnisins?

Nær allir svarendur segja hlutverk verkefnisstjórnar hafa verið skýrt skilgreinda, að mestu leyti og einn segir þetta hafa verið tvímælalaust.

Já, tvímæla-laust	Já, að mestu leyti	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
1	5	0	0	0	0

Enn og aftur var vísað til þess að verið var að þróa verkefnið eftir því sem á leið. Það eigi jafnvel við um hlutverk þátttakenda í verkefnisstjórn, sem þróaðist svolítið með verkefninu. Það hafi verið reynt að skilgreina hlutina vel, en það megi alltaf bæta.

## 5.7 HVER HEFUR ÁRANGURINN VERIÐ MIÐAÐ VIÐ TILGANG VERKEFNIS?

Spurning 16: Hefur verkefnið skilað árangri varðandi eftirtalin atriði sem skilgreind eru sem tilgangur þess:

	Já, tvímæla-laust	Já, að mestu leyti	Í meðallagi	Nei, ekki nægilega	Alls ekki	Svarar ekki
Að styðja þá stefnu Alcoa og Landsvirkjunar að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og taka tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta.	2	3	0	0	0	1
Að þróa vegvísir sem hjálpi báðum fyrirtækjum að fylgja eftir stefnumiðum sínum um sjálfbærni og sjálfbæra þróun á byggingar- og rekstrartíma álvers og virkjunar. <sup>7</sup>	4	2	0	0	0	1
Að þróa tölulega vísa sem hægt er að nota til að fylgjast með árangri Alcoa og Landsvirkjunar við að ná fram stefnumiðum sínum um sjálfbærni við framkvæmdirnar á Austurlandi.	4	2	0	0	0	0

Nefnt var að sumir vísarnir mættu vera betri en aðrir en grunnurinn sé mjög góður. Aðrar athugasemdir vörðuðu aðallega tímasetningar. Búið hafi verið að taka fjárhagslegar og samfélagslegar ákvarðanir um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og vísarnir því ekki getað náð til verktakanna á byggingartímanum. Hins vegar séu vísarnir gagnlegir varðandi rekstur á rekstrartímanum og vöktun umhverfismála til langs tíma. Vísarnir endurspeglu áhyggjur á þeim tíma sem þeir voru skilgreindir og þetta sé stöðugt að breytast og þróast. Þess vegna þurfi stöðugt að þróa vísana áfram.

<sup>7</sup> Einn svarandi brýtur upp svarið eftir byggingar- og rekstrartíma og notar því tvo svarmöguleika í lið tvö.


## 6. HVAD ÆTTI AÐ GERA ÖÐRUVÍSI NÆST?

Síðasta spurningin í báðum listum var sú, hvort svarendur mæltu með því að eitthvað yrði gert öðruvísi næst. Væri svarað játandi var spurt um hverju mætti breyta. Í þessum kafla eru þessum athugasemdum gerð skil, annars vegar svörum þátttakenda og hins vegar svörum fulltrúa fyrirtækjanna.

### 6.1 SVÖR ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

*Spurning 12: Núna þegar nýtt verkefni er að hefjast á Norðurlandi, myndu Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun gjarnan vilja vita hvort það sé eitthvað sem þú myndir mæla með að yrði gert öðruvísi en var í Austurlandsverkefninu?*

Flestir svarenda komu með ábendingar um eitthvað sem mætti huga að í nýju verkefni, eða 15 af 22, sem eru ríflega 68%. Tveir svöruðu ekki með já eða nei, en annar þeirra svarenda hafði ábendingar fyrir nýtt verkefni. Fimm töldu ekki ástæðu til að breyta neinu í nýju sjálfbærni-verkefni.



#### ATHUGASEMDIR SVARENDA

- Almennt um nýtt verkefni
  - Þetta er gott módel, ef það virkar fyrir Ísland.
  - Þetta var mjög vel unnið, vel valið í þennan hóp og maður upplifði það þannig að þetta væri gert í fyllstu einlægni.
  - Miðað við það sem ég sá virkaði þetta þannig að það væri mjög vel að þessu staðið. Ég held að það sé hægt að byggja vel á þessari reynslu og byggja á gagnrýninni frá þessum hópi.
  - Gera þetta með mikið meiri staðarvitund næst og vinna meira með nærsvæðinu.
  - Verkefnin eru mjög skyld, staðirnir úr alfaraleið. Sömu einkenni fyrir hendi.
  - Þetta verður töluvert annað að fara með þetta norður. Það er til góður vegvísir úr Austurlandsverkefninu.
- Áhrifsvæðið
  - Áhrifsvæði framkvæmdanna verði skilgreint vel, því það nær langt út fyrir Þingeyjarsýslur, t.d. Eyjafjörður og Akureyri. Jafnvel fara lengra, alla leið norður í Skagafjörð. Áhrifsvæðið er Norðurlandið allt. Gefa ætti aðilum á öllu svæðinu kost á að eiga aðild að málinu.
- Tímasetning verkefnis

- Það hefði verið æskilegt að áður en tekin var pólitísk ákvörðun um að stefna að uppbyggingu álvers á Bakka hefði verið skoðað hverjir væru hagkvæmustu nýtingarkostir jarðvarmaorkunnar á svæðinu. Að fleira hefði verið skoðað en álver. Álver af þeirri stærð sem stefnt mun að, mun þurfa gríðarlega mikla orku.
- Byrja fyrr á sjálfbærni- og orkuskipti – áður en tekin er endanleg ákvörðun um að fara út í framkvæmdirnar.
- Verkefnið er ólíkt annars vegar á byggingar- og hins vegar á rekstrartíma. Það hefur áhrif á svona sjálfbærni- og orkuskipti. Við vorum e.t.v. ekki nógu varkár í Austurlandsverkefninu að líta á það nánast sem tvö óskyld verkefni, þ.e. uppbyggingu og rekstur. Sem dæmi má nefna þann fjölda útlendinga sem kom á uppbyggingartíma án þess að skráningarmál væru í lagi. Nú er tækifæri til að gera betur í þessu og nýta sjálfbærni- og orkuskipti til að fylgjast betur með strax á uppbyggingartímanum.
- Þátttaka
  - Það er gríðarlega mikilvægt að fá allar raddir fram.
  - Góð og virk þátttaka fulltrúa ríkisvaldsins er mikilvæg, m.a. vegna þess að margt í umræðunni sneri að stjórnvöldum og það hefði verið gagnlegt að heyra þeirra sjónarmið.
  - Þeir hagsmunaaðilar sem tilnefna fulltrúa þurfa að gefa verkefninu vægi, taka til þess afstöðu og hafa skilning á því að helst þarf að vinna í verkefninu milli funda.
  - Staðbundnir fulltrúar, sérstaklega frá stofnunum og sveitarfélögum, hefðu mátt hafa meiri áhrif og vægi.
  - Gæta þarf jafnvægis milli „generalista“ og sérfræðinga.
  - Það er mikilvægt að í nýja verkefninu verði einhverjir sem hafa reynslu úr fyrri hópnum. Gott að blanda „nýjum og gömlum“.
- Nálgun
  - Í byrjun var unnið út frá ákveðnum ramma sem miðaði að því að skilgreina vísana fyrir umhverfi, efnahag og samfélag. Á því stigi vildu þátttakendur fyrst og fremst tala um þau málefni sem þeim voru efst í huga. Þetta tafði aðeins fyrir. Þess vegna væri betra að byrja á því að leyfa fólki að tala opið um málefni og síðan í úrvinnslunni að flokka og gera tillögur að vísun. Fyrst þarf að hlusta og skilja og sýna þátttakendum fram á þennan skilning á þeirra sjónarmiðum. Sem dæmi má nefna að það er svo margt sem getur bæði flokkast undir samfélag og umhverfi, t.d. tap á óspilltri náttúru. Ef fólk væri spurt „hvað gæti verið vísbinding um að óspillt náttúra væri að tapast?“, gætu komið margvísleg svör, t.d. að vegir eru lagðir eða fækkar í ákveðnum dýrategundum. Þetta getur svo orðið grunnur að vísun og mælikvörðum. Það er gagnlegt að fara hægt til að komast hratt.
  - Aðeins í byrjun verkefnisins gátu þátttakendur valið sér hóp. Eftir það var áhersla á samræðu milli hinna þriggja sviða. Í einhverjum tilvikum leiddi þetta til þess að sérþekking nýttist ekki sem skyldi og þar sem viðkomandi gátu ekki unnið í verkefninu milli funda, svo jafnvel má finna efnislegar villur í ákveðnum köflum.

- Það kom svolítið bil á milli funda og mætti kannski hafa samfelluna meiri þannig að verkefnið næði yfir skemmra tímabil.
- Mér er varðan minnisstæð. Það var algjörlega brílljant til að skilgreina hvað menn voru að fara að gera. Upplaggið á verkefninu að þátttakendur geri sér grein fyrir hvert þeir eru að fara og af hverju þeir eru þarna. Samráðið snýst um að hópurinn sé að vinna sameiginlega og allir viti hvað þeir ætla að fá útúr þessu. Ef menn ætla að koma inn með það markmið að eyðileggja vinnuna, þá hafi þeir ekki erindi. Það var þokkalegur samtakamáttur í þessu miðað við að menn voru stál í stál á öðrum vettvangi.
- Vísarnir
  - Ég hefði lagt til að það væri farið í gegnum vísana fyrir austan til að meta hvort þörf er á fleiri flokkum, fleiri einstökum vísum og eða einhverju þarf að breyta. Hvort það var eitthvað sem gleymdist, sem þyrfti að fylgjast með.
  - Það er ekkert því til fyrirstöðu að nota vísana að austan fyrir norðan líka en það þarf að aðlaga þá samfélaginu.
- Fræðsla
  - Hugtakanotkunin flæktist töluvert mikið fyrir fólki. Þarf kannski að útskýra á meira mannamáli hvað fæst út úr þessu með þessum vísam. Kannski eru hugtökin fastari í hugum fólks núna.
  - Þátttakendur þurfa að vera nokkuð með það á hreinu hvernig hópurinn á að geta náð markmiðunum. Það var ekki ljóst hvernig hægt væri að ná því að gera þetta verkfæri sem var markmið verkefnisins. Mikilvægt að þetta sé vel upplýst í byrjun.
- Ferlið
  - Um miðbik verkefnisins var eins og umræðan yrði einsleitari. Það er spurning hvort því var stýrt þannig. Ég held að við ættum að reyna að fá fólkið til að vera beitt allan tímann. Þegar fólk nýtur sín gerir það hlutina af innlifun.
  - Mér finnst að menn eigi að reyna að sigla framhjá þessu strandi sem mér finnst okkar verkefni hafa lent í. Eftirfylgnin skiptir máli.
  - Það skiptir máli að hafa góðan tengilið. Ég tapaði kontakt þegar Auður fór.
- Aðkoma fyrirtækjanna
  - Svona sjálfbærnaverkefni myndi öðlast meira lögmæti útávið ef fyrirtækin sem standa að svona framkvæmdum og rekstrinum í framhaldi af því myndu algjörlega úthýsa því og fá óháðum aðilum það algjörlega í hendur. Þó hafi verið ráðgjafar í verkefninu fannst mér fyrirtækin vera of nálægt. Ef fyrirtækin stæðu fjær, jafnvel þó þau myndu greiða fyrir verkefnið, yrði trúverðugleikinn meiri.
  -

## 6.2 SVÖR FULLTRÚA FYRIRTÆKJANNA

*Spurning 18: Núna þegar nýtt verkefni er að hefjast á Norðurlandi, er eitthvað sem þú myndir mæla með að yrði gert öðruvísi en var í Austurlandsverkefninu?*

Allir fulltrúar fyrirtækjanna töldu mega breyta einhverju í nýju verkefni. Einn svaraði neitandi, en kom þó með ábendingar um úrbætur.

Nei	Já	Svarar ekki
1	5	0

### ATHUGASEMDIR SVARENDA

Mjög mikilvægt er að velja rétta hagsmunaaðila til þátttöku. Þetta tókst ágætlega fyrir austan. Ef þetta tekst og þátttakendur eru opinskáir, þá fást réttar upplýsingar. Síðan er það hlutverk fyrirtækjanna að nýta þessar upplýsingar við þróun og áherslur í framkvæmdunum. Þegar það tekst næst betri árangur til lengri tíma litið og vonandi betra bakland.

Breikka mætti hópinn og kynna verkefnið betur út á við meðan á því stendur, sérstaklega meðal heimamanna og tengja það betur inn í sveitarstjórnir og starf heimamanna.

Eignarhald innan fyrirtækjanna er mikilvægt að mati svarenda. Hjá Alcoa þurfi einnig að tryggja eignarhald heima fyrir og það ætti að vera auðvelt í Norðurlandsverkefninu, þar sem nú þegar er búið að ráða starfsfólk. Ábyrgðin þarf að vera skilgreind í starfslýsingu. Þetta hafi ekki tekist sem skyldi í Austurlandsverkefninu, þegar kom að því að brúa bilið milli uppbyggingar og rekstartíma, með mannbreytingum og öðru sem því fylgdi.

Nú þegar er ljóst að slíkt verkefni myndi líklega fara af stað fyrr í ferlinu, sem sé kostur. Þá gæti samráðshópur jafnvel haft áhrif á útfærslu eða framkvæmdir fyrirfram. Þó svo að fyrirtækin fái endurgjöf frá hagsmunaaðilum í gegnum umhverfismat, skipulag og kynningar í sveitarfélögum o.s.frv. væri samráðshópur dýrmætur viðbótar vettvangur snemma á ferlinu.

Lykilatriði er að þetta sé á íslensku. Ef til vill mætti vera minni tími milli funda og betri tenging - hópinn haldi svolítið betur saman eftir að búið er að skilgreina vísana, án þess þó að fólk fái leið á þessu.

Æskilegt er að þessi tvö verkefni, á Austurlandi og Norðurlandi, verði keyrð saman.

Nú, þegar uppbyggingartímabilinu er lokið og rekstartímabilið hafið, er tímabært að meta hvernig verkefnið stendur miðað við það sem lagt var upp með í upphafi og að ákveða hverju á að ná fram með vísunum.

**Báðir hópar eru sammála um að ýmislegt megi læra af reynslunni af Austurlandsverkefninu og koma með gagnlegar ábendingar um hvað mætti gera öðruvísi næst.**

## 7. TENGLI VIÐ ÖNNUR VERKEFNI

Fram kom í viðtölum við þátttakendur í samráðshópnum að hugsanlega hefði mátt huga betur að tengingu við önnur verkefni og samráð sem var í gangi á sama tíma og verið var að móta vísana.

Annars vegar var vísað í samráðshóp Alcoa Fjarðaáls í Fjarðabyggð. Það hafi allan tímann verið ákveðin skörun við viðfangsefnið og sé enn. Spurt var hvort e.t.v. hefði mátt nýta vinnuna í Sjálfbærni- og umhverfisverkefninu á þeim vettvangi – og kannski öfugt. Jafnframt var nefnt að nú sé orðið tímabært að sá hópur hittist og taki stöðuna og horfi á framtíðarsýnina í nábýli við álver.

Hitt verkefnið sem svarendur nefndu er „Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunar á Austurlandi“ sem unnið er af Byggingarannsóknastofnun Íslands við Háskólann á Akureyri, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands. Verkefnið hófst árið 2004 og er ætlað fé af fjárlögum til sex ára.

Fram kom í viðtölum að margir heimamanna hefðu skynjað meiri tengsl við þetta verkefni en við Sjálfbærni- og umhverfisverkefnið – og e.t.v. haft meiri trú á því. Þarna hafi verið töluverð skörun í viðfangsefnum en meiri áhersla á samfélagsáhrifin og það sé hugsanleg skýring á því hvers vegna það stóð heimamönnum nærri. Verkefnið hafi verið sýnilegra og mikil tengsl við það alveg frá upphafi. Hins vegar hafi það verkefni ekki alveg gengið fram eins og var ætlað, t.d. hafi ekki verið gefin út bók um áfanganiðurstöður eins og stefnt mun hafa verið að.

Skilaboð svarenda eru því í stuttu máli þau að mikilvægt sé að nýta skörun í verkefnum þannig að ekki sé sama umræðan að eiga sér stað á mörgum stöðum – jafnvel með sama fólkinu.

## 8. AUSTURLAND Á UMBREYTINGATÍMUM

Í viðtölunum komu ýmis atriði fram sem lýstu þeirri umbreytingu sem framkvæmdirnar höfðu í för með sér á Austurlandi og hvað mætti af því læra. Hér eru þessum ábendingum gerð skil, þar sem þær varða ekki Sjálfbærni- og umhverfisverkefnið sérstaklega, heldur miklu fleiri þætti og víðtækari. Þessa ábendingar eru nær eingöngu frá heimamönnum á Austurlandi.

Fram kom að ýmislegt í samskiptum heimamanna við ríkisvaldið og frammistaða þess hafi einkennst af því viðhorfi að Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði væri „hin eina sanna lausn fyrir Austurland“. Þó svo að verkefnið sé mjög mikilvægt fyrir uppbyggingu á Austurlandi og gríðarlegt tækifæri fyrir Austfirðinga, þá verði ríkisvaldið að gera sér grein fyrir því að stoðþjónustan, s.s. samgöngur, heilbrigðisþjónusta, löggæsla, kirkja og svo margt sem snýr að ríkinu, þurfi mun meiri stuðning en raun var. Gefnar hafi verið yfirlýsingar um stuðning af hálfu ríkisvaldsins sem ekki hafi staðist.

Ekki hafi verið horft nægilega vel á heildarsvæðið og hvaða áhrif mikil fólksfjölgun og þetta eina fyrirtæki, Alcoa Fjarðaál hefði á alla þjónustu, bæði opinbera og einkageirann. Bent var á að af hálfu stjórnvalda og fyrirtækjanna hafi framkvæmdirnar hafist sem verkefni fyrir Austurland, síðan orðið verkefni fyrir mið-Austurland og endi sem verkefni fyrir Fjarðabyggð. Fyrir vikið finnst ýmsum nágrennasveitarfélögum sem þau séu „afskipt“, þ.e. áhrifasvæðið nær til þeirra en „stjórnunarlega“ eru þau ekki með.

Nefnt var að þegar ákvörðun um framkvæmdirnar var tekin gerðust hlutirnir hratt sem kom e.t.v. niður á undirbúningnum, bæði af hálfu ríkisvaldsins og sveitarfélaganna heima fyrir.

Sem dæmi um þætti þar sem álagið hefur verið mikið nefna svarendur:

- Grunnskólar, þar sem fjölgaði mjög nemendum af erlendum uppruna.
- Heilbrigðiskerfið, þar sem starfsfólk hefur verið algjörlega yfirkeyrt.
- Kirkjan hefði mátt bregðast við miklu fyrr og leggja meira af mörkum.
- Aukin verkefni sýslumannsembættis en ónógar fjárveitingar í sumum verkefnum, s.s. tollgæslu, þinglýsingum, sífjædeild vegna fjölgunar skilnaða o.þ.h. og útgáfu dvalarleyfa fyrir útlendinga.
- Ekki var merkjanleg aukning afbrota meðal þeirra starfsmanna sem ráðnir voru af Alcoa, en töluverð fjölgun meðal starfsmanna undirverktaka.

Ýmislegt hefur þó gengið vel að mati heimamanna og nefnt sem dæmi að þar sem slysavarnir við byggingu álversins voru til fyrirmyndar, mæddi mun minna á lögreglu og heilbrigðisstarfsfólki en ella hefði getað orðið.

Tekið var fram að það fólk sem mest mæddi á hafi þrátt fyrir allt staðið sig með þryði miðað við aðstæður.

Nokkrir heimamanna lýstu þeirri upplifun sinni að viðhorf ríkisvaldsins nú sé það, að „Búið sé að bjarga Austurlandi“, ríkið sé farið að horfa annað og nú eigi Austfirðingar að sjá um sig sjálfir. Það þýði ekki að fólk ætlist til þess að það eigi að „bjarga“ Austfirðingum, heldur að svæðið gæti þurft bjargir til að nýta þau tækifæri sem nú blasa við. Fram komu áhyggjur af því að framkvæmdirnar á Austurlandi eigi, til lengri tíma litið, ekki eftir að takast eins vel og þær gætu gert, af þessum sökum.

Hins vegar séu mörg verkefni sem búið var að lofa í tengslum við virkjun og álver og eigi eftir að klára, t.d. samgöngubætur. Því sé ákvörðun um Vaðlaheiðargöng nú mjög skynsamleg vegna hugsanlegrar uppbyggingar á Bakka og að fyrir austan hefði þurft að huga að samgöngubótum strax í upphafi.

Af þessari reynslu megi læra og nýta við undirbúningsvinnu fyrir norðan með góðum fyrirvara. Bent var á þá leið að reyna að meta umfangið fyrirfram, láta fara fram þarfagreiningu á stoðkerfi samfélagsins / samfélaganna, áætla til verðs og skilgreina kostnaðarskiptingu milli Alcoa, ríkis og sveitarfélags. Um þetta þyrfti síðan að gera skriflegan samning, þar sem tilgreindar væru upphæðir og greiðslur. Frumkvæði að þessu ætti þá að mati viðkomandi, að koma frá Alcoa, í samstarfi við sveitarfélag / -félög og aðra aðila og ríki.

Varðandi það sem snýr að fyrirtækjunum sérstaklega, kom fram að í samráði þeirra við heimamenn hafi Egilsstaðir orðið svolítið útundan, því Landsvirkjun hafi sinnt dreifbýlinu vel og Alcoa Fjarðaál fyrst og fremst einbeitt sér að Fjarðabyggð. Hins vegar væri ábyrgðin líka heimamanna og var þá m.a. vísað til þátttökunnar í Sjálfbærni-verkefninu.

- Ekki er um að villast að Alcoa hefur sýnt mikla ábyrgð, staðið sig vel og verið traustsins vert.
- Mér finnst Alcoa ekki hafa staðið að öllu leyti við loforð sín um að nýta þjónustu í heimabyggð. Og þeir hafa fært ákveðin rök fyrir því, en það hefur ekki allt staðist sem þeir hafa sagt þar, varðandi m.a. útboð á verkefnum.



- Alcoa Fjarðaál hefur, eftir að það tók til starfa, fyrst og fremst verið í samvinnu við það sveitarfélag þar sem það er staðsett en áhrifasvæðið er mun stærra.
- Fyrirtækin hafa að mörgu leyti staðið sig vel í því að tengja og upplýsa sveitarfélagið Fjarðabyggð um gang mála.
- Samstarf okkar í Fjarðabyggð við byggingaraðila hefur verið með ágætum.
- Ég hef meira út á samskiptin við Impregilo að setja heldur en Landsvirkjun en það sem ég held að Landsvirkjun ætti að læra af þessu er hvernig þessum þríhliða samskiptum ætti að vera háttað, þ.e. aðalverktaki, undirverktaki og sveitarfélag.
- Gera þarf sömu kröfur til allra verktaka varðandi öryggi, aðbúnað og launakjör og fylgjast með árangri.

Vísað var til samráðshóps aðila frá ýmsum stofnunum í Fjarðabyggð og Alcoa Fjarðaáls, sem hafi fundað reglulega og taki á málum þegar þau koma upp. Þetta hafi skilað miklum árangri og væri gagnlegt að gera fyrir norðan.

Skilaboð heimamanna má draga saman með orðum eins svarenda:

*„Þær breytingar sem hafa orðið hér á samfélagsgerðinni gengu hraðar og urðu miklu meiri en við áttum von á. Þetta varð allt miklu stærra. Það sýnir best að maður veit ekki hvert stefnir í upphafi. Og þetta verður öðruvísi á Bakka, því samfélagið er ekki eins“.*

## 9. VIÐAUKI - SPURNINGALISTAR



### Sjálfbærniverkefni á Austurlandi

### SPURNINGAR TIL ÞÁTTTAKENDA Í SAMRÁÐSHÓPI

Nafn: \_\_\_\_\_ Fulltrúi fyrir \_\_\_\_\_

1. Telurðu að í sjálfbærniverkefninu hafi með sanngjörnum hætti verið tekið mið af því sem þátttakendur höfðu fram að færa?

*Já, tvímælaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

2. Telurðu að fyrirtækin hafi verið einlæg í þeim ásetningi sínum að fá ábendingar frá utanaðkomandi aðilum til að velja og móta sjálfbærnivísana?

*Já, tvímælaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

3. Telurðu að þátttakendum hafi verið ljóst hver voru markmið verkefnisins, hversu mikil áhrif þeir gætu haft og hvernig ferlinu yrði háttað?

*Já, mjög ljóst \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

4. Telurðu að þátttakendur hafi haft trú á að þeir gætu haft eitthvað um það að segja hvernig vinnu samráðshópsins yrði háttað?

*Já, mjög mikla \_\_\_ Já, fremur mikla \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

5. Finnst þér ferlið hafa verið nægilega sveigjanlegt til að bregðast við málefnum sem komu upp?

*Já, mjög sveigjanlegt \_\_\_ Já, fremur sveigjanlegt \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

---

6. Er það þitt mat að þátttakendur hafi fengið þær upplýsingar sem þeir þurftu til að taka virkan þátt í verkefninu?

Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_

---

7. Fannst þér koma skýrt fram hvernig upplýsingar frá þátttakendum voru nýttar í verkefninu?

Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_

---

8. Hvernig telurðu að samráðshópurinn hafi endurspeglad hagsmunaaðila, eða þá sem hefðu hugsanlega áhuga á að taka þátt í verkefninu?

Mjög vel \_\_\_ Fremur vel \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Fremur illa \_\_\_ MJög illa \_\_\_

---

9. Hvernig finnst þér vísarnir endurspeglu þau tækifæri og áhyggjuefni sem samráðshópurinn greindi?

Mjög vel \_\_\_ Fremur vel \_\_\_ Ásættanlega \_\_\_ Fremur illa \_\_\_ MJög illa \_\_\_

---

10. Hvernig meturðu stöðuna varðandi eftirfylgni verkefnisins miðað við þau markmið sem sett voru í upphafi?

Mjög góð \_\_\_ Fremur góð \_\_\_ Ásættanleg \_\_\_ Fremur léleg \_\_\_ MJög léleg \_\_\_

---

11. Hversu miklu telurðu að það muni breyta varðandi framkvæmdirnar, til lengri tíma litið, að skilgreindir hafa verið sjálfbærnisáhrif vegna þeirra?

Mjög miklu \_\_\_ Frekar miklu \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar litlu \_\_\_ MJög litlu \_\_\_

---

12. Núna þegar nýtt verkefni er að hefjast á Norðurlandi, myndu Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun gjarnan vilja vita hvort það sé eitthvað sem þú myndir mæla með að yrði gert öðruvísi en var í Austurlandsverkefninu?

Nei \_\_\_

Já \_\_\_ Hvað – og þá hvernig?

Kærar þakkir fyrir svör þín!

---

## Sjálfbærni-verkefni á Austurlandi

### SPURNINGAR TIL FULLTRÚA ALCOA OG LANDSVIRKJUNAR Í VINNU SAMRÁÐSHÓPS

Nafn: \_\_\_\_\_ Fulltrúi fyrir \_\_\_\_\_

13. Hversu mikla trú telurðu að fyrirtækin hafi haft á því að þátttaka utanaðkomandi aðila myndi leiða til betri yfirsýnar og þar með gagnlegra sjálfbærnisáa?

*Mjög mikla* \_\_\_ *Fremur mikla* \_\_\_ *Í meðallagi* \_\_\_ *Fremur litla* \_\_\_ *Mjög litla* \_\_\_

---

14. Hversu gagnlegt telurðu að það hafi verið að móta sjálfbærnisáana með fulltrúum hagsmunaaðila?

*Mjög gagnlegt* \_\_\_ *Fremur gagnlegt* \_\_\_ *Í meðallagi* \_\_\_ *Ekki mjög gagnlegt* \_\_\_ *Alls ekki gagnlegt* \_\_\_

---

15. Telurðu að í sjálfbærni-verkefninu hafi með sanngjörnum hætti verið tekið mið af því sem þátttakendur höfðu fram að færa?

*Já, tvímælalaust* \_\_\_ *Já, að mestu leyti* \_\_\_ *Í meðallagi* \_\_\_ *Nei, ekki nægilega* \_\_\_ *Alls ekki* \_\_\_

---

16. Telurðu að þátttakendum hafi verið ljóst hver voru markmið verkefnisins, hversu mikil áhrif þeir gætu haft og hvernig ferlinu yrði háttað?

*Já, mjög ljóst* \_\_\_ *Já, að mestu leyti* \_\_\_ *Í meðallagi* \_\_\_ *Nei, ekki nægilega* \_\_\_ *Alls ekki* \_\_\_

---

17. Er það þitt mat að þátttakendur hafi fengið þær upplýsingar sem þeir þurftu til að taka virkan þátt í verkefninu?

*Já, tvímælalaust* \_\_\_ *Já, að mestu leyti* \_\_\_ *Í meðallagi* \_\_\_ *Nei, ekki nægilega* \_\_\_ *Alls ekki* \_\_\_

---

18. Fannst þér koma skýrt fram hvernig upplýsingar frá þátttakendum voru nýttar í verkefninu?

*Já, tvímælalaust* \_\_\_ *Já, að mestu leyti* \_\_\_ *Í meðallagi* \_\_\_ *Nei, ekki nægilega* \_\_\_ *Alls ekki* \_\_\_

---

---

19. Hvernig telurðu að samráðshópurinn hafi endurspeglað hagsmunaaðila, eða þá sem hefðu hugsanlega áhuga á að taka þátt í verkefninu?

Mjög vel \_\_\_ Fremur vel \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Fremur illa \_\_\_ Mjög illa \_\_\_

---

20. Hvernig finnst þér vísarnir endurspegla þau tækifæri og áhyggjuefni sem samráðshópurinn greindi?

Mjög vel \_\_\_ Fremur vel \_\_\_ Ásættanlega \_\_\_ Fremur illa \_\_\_ Mjög illa \_\_\_

---

21. Hvernig finnst þér vísarnir og markmiðin falla að áherslum fyrirtækjanna?

Mjög vel \_\_\_ Fremur vel \_\_\_ Ásættanlega \_\_\_ Fremur illa \_\_\_ Mjög illa \_\_\_

---

22. Telurðu að verkefnið hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt, miðað við kostnað og/eða fyrirhöfn?

Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_

---

23. Var hlutverk, viðfangsefni og verkaskipting ráðgjafa skýrt skilgreint í upphafi og í hverjum áfanga verkefnisins?

Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_

---

24. Var hlutverk verkefnisstjórnar skýrt skilgreint í upphafi og í hverjum áfanga verkefnisins?

Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_

---

25. Finnst þér ferlið hafa verið nægilega sveigjanlegt til að bregðast við málefnum sem komu upp?

Já, mjög sveigjanlegt \_\_\_ Já, fremur sveigjanlegt \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_

---

26. Hvernig meturðu stöðuna varðandi eftirfylgni verkefnisins miðað við þau markmið sem sett voru í upphafi?

Mjög góð \_\_\_ Fremur góð \_\_\_ Ásættanleg \_\_\_ > Fremur léleg \_\_\_ > Mjög léleg \_\_\_ >

27. Ef svarað var „ásættanleg“, „fremur léleg“ eða „mjög léleg“ við spurningu 10 >

Hvað þarf til að gera betur?

---

---

28. Hefur verkefnið skilað árangri varðandi eftirtalin atriði sem skilgreind eru sem tilgangur þess:

- Að styðja þá stefnu Alcoa og Landsvirkjunar að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og taka tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta.

*Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

- Að þróa vegvísi sem hjálpi báðum fyrirtækjum að fylgja eftir stefnumiðum sínum um sjálfbærni og sjálfbæra þróun á byggingar- og rekstrartíma álvers og virkjunar.

*Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

- Að þróa tölulega vísa sem hægt er að nota til að fylgjast með árangri Alcoa og Landsvirkjunar við að ná fram stefnumiðum sínum um sjálfbærni við framkvæmdirnar á Austurlandi.

*Já, tvímælalaust \_\_\_ Já, að mestu leyti \_\_\_ Í meðallagi \_\_\_ Nei, ekki nægilega \_\_\_ Alls ekki \_\_\_*

---

29. Hversu miklu telurðu að það muni breyta varðandi framkvæmdirnar, til lengri tíma litið, að skilgreindir hafa verið sjálfbærnivísar vegna þeirra?

*Mjög miklu \_\_\_ Frekar miklu \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar litlu \_\_\_ MJög litlu \_\_\_*

---

30. Núna þegar nýtt sjálfbærniverkefni er að hefjast á Norðurlandi, er eitthvað sem þú myndir mæla með að yrði gert öðruvísi en var í Austurlandsverkefninu?

*Nei \_\_\_*

*Já \_\_\_ Hvað – og þá hvernig?*

*Með þökk fyrir svörin!*